

## Upplýsinga- og tæknimennt 2.bekkur

Upplýsinga- og tæknimennt skiptist í þrjár námsgreinar. Það eru hönnun og smíði, hagnýting þekkingar og upplýsingamennt. Þessar greinar fjalla um það á hvern hátt tækni og verkleg kunnátta er og getur verið notuð. Meginmarkmið hönnunar og smíði er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri tímaúthlutun til nýsköpunar og hagnýtingar þekkingar heldur eru þessir samþættir við aðrar námsgreinar. Upplýsingatækni miðar að því að kenna nemendum að nýta sér tölvutækni í náminu.

### Hæfniviðmið

Að nemand geti í tæknimennti:

- notað lím við samsetningu,
- greint notkunarvið einföldustu verkfæra og unnið með þau á öruggan hátt,
- þekkt nöfn verkfæra sem hann notar,
- unnið einn að lausn verkefna,
- gert sér grein fyrir því hvað þarf til vandaðra vinnubragða,
- unnið á sínum hraða og hafi gaman af.

Að nemandi geti í upplýsingamennt:

- þekki og noti tölvur og önnur jaðartæki sem við þær eru tengd,
- temji sér umgengnisreglur um tölvur,
- kunni að kveikja á tölvunum og skrá sig inn og slökkva á tölvunum,
- þekkja helstu hluti tölvu og geti nefnt þá þ.e. skjár, tölva, mús, lyklaborð og hátalari,
- geta ritað einfaldan texta í ritvinnslu og kynnist ritvinnsluforriti,
- kunni að breyta gerð, stærð og lit á letri og þjálfist við að nota þessar aðgerðir,
- þjálfist í að beyta réttri fingrasetningu,
- geti notað kennsluforrit við hæfi,
- hlýði á upplestur sögu og taki þátt í umræðu um það,
- geti rakið efni sögu í stórum dráttum.

### Kennsluhættir

Kennsluaðferð: Sýnikennsla.

Fjöldi kennslustunda á viku: Ein klukkustund, tvisvar í viku, 14 – 16 skipti alls.

Viðfangsefni: Kennitala nemandans. Að saga út sex fyrstu tölustafina sem mynda kennitölu hans. Bréfalemma og verkefni sem nemandi velur.

Verkfæri og efni: Sög, sandpappír, þvingur, klemmur, hjálparspýta, lím, litir, fura og birkikrossviður

Bekkjarkennari kennir upplýsingamennt.

### Námsmat

Verkefni og frammistaða í tímum